



257. Stjórnarfundur haldinn 10. nov. 2005 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Bjarney og Guðjón.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá UMFÍ ásamt bækling um Leiðtogaskóla UMFÍ. Bæklingi dreift í hólf deilda.

Bréf frá UMFÍ Þinggerð 44. sambandsþings UMFÍ.

Bréf frá Kristjáni Guðlaugsyni gjaldkera körfuknattleiksdeildar þar óskað er eftir leyfi fyrir hönd unglingaráðs að taka bíla á rekstarleigu. Erindið samþykkt.

3. Send bréf.

Svarbréf sent til knattspyrnudeildar v / bréfs sem Ásmundur Friðriksson sendi til aðalstjórnar um sameiningu/samvinnu Keflavíkur og Njarðvíkur.

4. Jólblað Keflavíkur.

Blaðið í vinnslu og miðar ágætlega en treglega gengur að fá inn greinar frá deildum.

5. Íþróttamenn Keflavíkur 2005

Framkvæmdastjóra falið að senda út bréf til deilda um íþróttamann deildarinnar.

Deildir skili inn fyrir 6. desember. Ákveðið er að heiðra íþróttamenn deilda og íþróttamann Keflavíkur 28. desember í félagsheimili félagsins að Hringbraut.

6. Önnur mál.

Einar sagði frá fundi um íþróttasvæðið á Nikkelsvæðinu.

Farið yfir málefni knattspyrnudeildar.

Samþykkt að greiða út til deilda fjármangi af sölu byggingarréttar af Heiðarenda 2, 4, 6 og 8.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá skulda málum knattspyrnudeildar við Sparisjóðinn í Keflavík.

Framkvæmdastjóra falið að boða alla stjórnarmenn knattspyrnudeildar á næsta stjórnarfund sem verður 24. nóvember kl. 18:00.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:10.

